


Hvers eru tré megnug?

Skógar þekja um 40% af öllu landsvæði í Evrópu (190 milljónir ha). Evrópa er því eitt skóglendustu svæða allrar jarðarinnar. Evrópa er raunar eitt fárra svæða í heiminum þar sem skógarþekja hefur aukist undanfarna öld. Skógareigendur og skógræktendur stuðla að vexti og atvinnu í dreifbýli. Auk þess gefa skógarnir timbur og veita mikilvæga vistkerfisþjónustu. Ársvelta skógarumsvifa nemur nærri 500 milljörðum evra og í greininni starfa um 3,5 milljónir manna. Skógaríðnaðurinn hefur fjárfest í tækni og þekkingu til að auka nýtingu á afskurði og hlíðarafurðum og framleiða nýstárlegar lífafurðir sem eru mikilvægar fyrir þróun lífhagkerfisins. Eftir því sem meira er fjárfest í tækni og nýsköpun, því fleiri nýjar afurðir og framleiðsluvörur verða til af ýmsum toga. Slík þróun er á ótalmargan hátt til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Í lífhagkerfinu er tryggður aðgangur að endurnýjanlegum auðlindum og þjónustu. Þar er sjálfbær þróun í auðlindanýtingu. Það sem áður var hent verður matur, fóður, klæði, efnavörur og líforka. Lífhreinsunarstöðvar eru mikilvægar í lífhagkerfinu, iðjuver sem búa til vörur úr endurnýjanlegum náttúruauðlindum í stað vara úr jarðefnaeldsneyti.

Gott dæmi eru lífhreinsunarstöðvar sem vinna pappírskvoðu og pappír úr úrgangi frá sögunarmyllum. Úr hráefni þeirra má búa til ótal vörur eins og þær sem taldar eru upp á þessu veggspjaldi.



Atvinnugreinar

- Flug
- Byggingariðnaður
- Prentun og útgáfa
- Umbúðir
- Matvæli
- Bifreiðar
- Snyrti- og hreinlætisvörur
- Raftæki
- Lyf og lækningar
- Húsgögn
- Efnavörur
- Klæði
- Orka
- Ýmis iðnaður

Bolviður: Hráviður eins og hann kemur fyrir þegar hans er afliað, með eða án barkar, óunninn, grófflettur eða á öðru formi (s.s. rætur, stubbar, hnúskar o.s.frv.).

Spónn: Viðarþynnur jafnar að þykkt, 6 mm eða þynnri, hringflett (t.d. flýsjað) sneitt eða sagað efni, til dæmis viður sem notaður er til framleiðslu á krosslímdu byggingarefni, húsgögnum, kössum o.fl.

Furuolía: Seigfljótdandi svargulur vökvi með sterkri lykt, aukaafurð við vinnslu á kvoðu til pappírsgerðar, einkum þegar unnið er úr barrviði.

Krossviður: Plötur unnar úr samlímdum viðarþynnum sem lagðar eru á víxl eftir legu trefjanna í efninu, yfirleitt þversum.

Beðmi (sellulósi): Óvatnsleysnlegt efni, helsta byggingarefni í frumveggjum plantna og í jurtafrefjum. Á hvert eru framleiddir þúsund milljarðar tonna af sellulósa í heiminum sem samsvarar því að 3.000 tonn væru framleidd á hverri sekúndu.

Hálfbeðmi (hemisellulósi): Hópur efna sem eru meðal innihaldsefna í frumveggjum plöntufrumna. Þetta eru fjölsýkrur af einfaldari gerð en beðmi.

Terpentína: Rokkjamt og lyktsterkt olíuefni sem einkum er eimað úr trjákvöðu furutrjáa. Það er meðal annars notað sem leysiefni í málningu en einnig t.d. í sumar nuddólíur.

Treni (lignín): Hópur flókinna lífrænna fjölliða sem mynda mikilvæg byggingarefni í stoðvefjum plantna og þörungna.